

Nefndasvið Alþingis
Veiferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. júní 2022

Efni: Umsögn um stjórnartillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025. Þingskjal 834 — 592. mál.

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, vill með umsögn þessari við þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, þingskjal 834 — 592. mál, taka undir markmið tillögunnar um að móta skýra og heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda en vill jafnframt koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Þúsundir innflytjenda sækja á hverju ári þjónustu hjá símenntunarmiðstöðvum innan Kvasis en þær eru ellefu talsins og starfa á landsvísu. Hjá símenntunarmiðstöðvunum liggur dýrmæt þekking og reynsla af kennslu og ráðgjöf fyrir innflytjendur sem og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum sem varða aðlögun og færni innflytjenda. Símenntunarmiðstöðvarnar sjá um mat á raunfærni einstaklinga til styttingar á námi eða ýmiss konar starfsréttinda. Þá sjá símenntunarmiðstöðvarnar um íslenskukennslu fyrir innflytjendur og ýmiss konar samfélagsfræðslu, oft í samstarfi við vinnumarkaðinn.

Á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins má sjá að um 130.000 ráðgjafarviðtöl hafa farið fram hjá símenntunarmiðstöðvunum frá því að um það var samið í tengslum við Fræðslusjóð árið 2007, sbr. [Tölfræði úr starfinu – Fræðslumiðstöð atvinnulífsins \(fræ.is\)](#) Hluti þeirra ráðþega eru einstaklingar með erlent ríkisfang.

Ljóst er að símenntunarmiðstöðvarnar veita náms- og starfsráðgjöf, hópráðgjöf, rafræna ráðgjöf og ráðgjöf með túlkþjónustu alla daga. Um allt land er þétt net ráðgjafa með mikla reynslu af þörfum markhópsins sem hægt er virkja enn betur og fjárfesta í. Nálægð þessa nets er mikil við markhóp, vinnumarkaðinn og þau úrræði sem eru í boði eða þörf á.

Umsögn Kvasis við ofangreinda stjórnartillögu til þingsályktunar er eftirfarandi:

1.1. grein. Mótun stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar

Eitt af markmiðum tillögunnar er að við mótun stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar verði sérstök áhersla lögð á menntun innflytjenda, sbr:

„Móta skýra og heildstæða langtímastefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar sem miði að því að fólk sem sest hér að hafi tækifæri til aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði með það að markmiði að auka gagnkvæman skilning og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, óháð uppruna og þjóðerni. Litið skuli til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þingsályktunar nr. 43/150. Sérstök áhersla verði lögð á félagsleg réttindi, heilbrigðisþjónustu, menntun og atvinnuþátttöku þannig að á Íslandi verði fjölmenningsarsamfélag þar sem grundvallarstefin eru jafnrétti, réttlæti og virðing fyrir einstaklingnum.“

Kvasir fagnar því að menntun sé sérstaklega tilgreind og bendir á mikilvægi þess að símenntunarmiðstöðvarnar verði skilgreindir samstarfsaðilar við mótun stefnunnar.

1.2. grein. Ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur

Kvasir fagnar þeim áætlunum að festa í sessi ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur og hvetur til þess að við endurskoðun á núverandi umgjörð hennar verði horft til þess að ráðgjafarstofan geti veitt innflytjendum þjónustu óháð búsetu þeirra. Í því sambandi bendir Kvasir á að símenntunarmiðstöðvarnar eru starfræktar um allt land og mynda sterkt samstarfsnet. Þær veita ýmiss konar þjónustu í heimabyggð, meðal annars til innflytjenda, en þúsundir innflytjenda sækja þjónustu í símenntunarmiðstöðvunum á hverju ári. Þetta net símenntunarmiðstöðvanna mætti hæglega nýta til að uppfylla kröfur um samstarf og þjónustu á landsvísu. Nú þegar hafa allar símenntunarmiðstöðvarnar sýnt áhuga á að koma að þeirri ráðgjöf og þjónustu við innflytjendur sem ráðgjafarstofunni er ætlað að veita.

Þó að símenntunarmiðstöðvarnar gegni mikilvægu hlutverki við að hækka menntunarstig þjóðarinnar þá er starfsemi þeirra að mörgu leyti einnig félagsleg. Símenntunarmiðstöðvarnar eru í raun samfélagsleg auðlind enda eru þær reknar til almannaheilla án hagnaðarsjónarmiða. Starfsemi þeirra er að mörgu leyti afsprengi baráttu aðila vinnumarkaðarins fyrir velferð, hagsmunum og réttindum launafólks í landinu. Símenntunarmiðstöðvarnar mynda mikilvægt net um allt land og þjóna öllum 18 ára og eldri óháð uppruna og þjóðerni.

Kvasir bendir á að hjá símenntunarmiðstöðvunum starfa náms- og starfsráðgjafar sem hafa það hlutverk að aðstoða fólk við ákvarðanatöku um nám og/eða starfsþróun. Þeir veita einnig þjónustu vegna raunfærnimats. Auðvelt væri að útvíkka ráðgjöfina til að geta veitt innflytjendum þá þekkingarmiðlun sem þeir leita helst eftir, svo sem upplýsingar um hvert skuli leita hverju sinni með fyrirspurnir sem varða þjónustu ríkis og sveitarfélaga, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, félagsstarf, heilbrigðisaðstoð o.s.frv. Aukið fjármagn þarf þó að koma til.

1.6. grein. Fræðsla og upplýsingar um íslenskt samfélag verði aðgengilegar á helstu tungumálum innflytjenda á Íslandi

Kvasir tekur undir að mikilvægt sé að útbúið verði samfélagsfræðsluefni fyrir innflytjendur og það gert aðgengilegt á helstu tungumálum innflytjenda á Íslandi. Samtökin leggja til að við gerð þess verði horft til *Landnemans*, samfélagsfræðsluefnis fyrir flóttamenn, sem Mímir-símenntun útbjó fyrir Vinnumálastofnun. Þróa þarf samfélagsfræðsluna á stafrænan hátt með gagnvirkni í huga þannig að hægt verði að sækja sér fræðsluna óháð tíma og rúmi. Kvasir bendir á að áætlað fjármagn, 5 millj. kr., sé of varlega áætlað til verkefnisins og ætla megi að verkefnið kosti 8-10 millj. kr.

1.7. grein. Samfélagstúlkun

Kvasir tekur undir þau markmið tillögunnar að þeir sem ekki tali íslensku eigi kost á faglegri túlkun á eigið tungumál í samskiptum við stjórnvöld og þjónustuaðila. Tryggt verði að þeir sem ekki skilja íslensku fái fullnægjandi aðstoð á ólíkum sviðum samfélagsins.

Þá vekur Kvasir athygli á því að undanfarin þrjú ár hafa nokkrar símenntunarmiðstöðvar boðið upp á námið *Samfélagstúlkun fyrir markhóp framhaldsfræðslu* í samstarfi við Fræðslusjóð sem niðurgreiðir námið. Námið er 130 klukkustunda nám á þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun sem mögulegt er að meta til sex eininga á framhaldsskólastigi. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við samfélagstúlkun sem felst í því að miðla munnlega merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins.

Árið 2017 hlaut Mímir-símenntun styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að hæfnigreina starf samfélagstúlka eftir aðferðafræði sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur innleitt og Mími hefur verið veitt leyfi til að nota. Hæfnigreiningin var unnin í samstarfi við fagfólk úr atvinnulífinu sem þekkja til

starfs samfélagstúlka en um 10-20 manns komu að greiningunni auk stýrihóps sem var til ráðgjafar frá upphafi greiningar. Niðurstöður hæfnigreiningar kallast starfaprófill [Starfaprófill SAMFÉLAGSTÚLKUR \(frae.is\)](#) og innihalda skilgreiningu og hæfnikröfur fyrir viðkomandi starf en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottar gæði starfaprófilsins. Í kjölfarið vann Mímir námskrána Samfélagstúlkun byggða á niðurstöðum þessarar hæfnigreiningar og styrktu Efling, Starfsafli og Landsmennt gerð hennar. Námskráin hlaut vottun Menntamálastofnunar árið 2019. Með vottun Menntamálastofnunar á námskránni eru gæði og gegnsæi námsins tryggð (sbr. 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 8.-10. gr. reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011), auk þess sem vottuðum símenntunaraðilum er tryggður notkunarréttur á henni.

Markmiðið með verkefninu féll vel að áherslum þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 en þar segir: „Efld verði gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að íslenska nýtist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu. Til að bæta þjónustu samfélagstúlka verði útbúið námskeið fyrir túlka og haldin stöðupróf í nokkrum tungumálum.“

Margir sem túlka hafa ekki tök á að sækja nám við Háskóla Íslands, meðal annars vegna þess að þeir uppfylla ekki kröfur um stúdentspróf eða aðrar kröfur til náms á háskólastigi. Þá er samfélagstúlkánám ekki alltaf í boði við Háskóla Íslands. Námskráin Samfélagstúlkun er vottuð námsleið, niðurgreidd af Fræðslusjóði og er sérstaklega gerð fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar með það fyrir augum að styrkja og efla gæði samfélagstúlkunar. Fjölmarginir innflytjendur hafa náð góðum tókum á íslensku og túlka án þess að hafa stundað formlegt nám. Áriðandi er að túlkun um flókin og viðkvæm mál, ákvarðanir og úrræði sé fagleg og skili góðum árangri og réttar upplýsingar tryggðar. Túlkurinn þarf að kunna bæði tungumálin vel til að geta túlkað rétt. Mikilvægt er að túlkur skilji vel hugtök, þekki innviði íslensks samfélags, helstu stofnanir og hlutverk þeirra til þess að ná góðum árangri í túlkun. Þessum mikilvægu atriðum eru gerð skil í námi byggðu á námskránni Samfélagstúlkun. Til að efla þessa mikilvægu þjónustu við innflytjendur á öllum sviðum samfélagsins og styrkja faglegan starfsgrundvöll túlka er nauðsynlegt að opinberar stofnanir geri kröfur um að túlkar hafi stundað vottað nám í samfélagstúlkun. Kvasir lýsir yfir samstarfsvilja varðandi þetta mikilvæga málefni.

3. kafli. Menntun

Kvasir tekur undir markmið tillögunnar sem hér segir:

„Unnið verði markvisst að því að fleira ungt fólk með erlendan bakgrunn ljúki námi úr framhaldsskóla. Áhersla verði lögð á stuðning á öllum skólastigum, meðal annars með aukinni áherslu á kennslu í íslensku sem annað tungumál, stuðning við móðurmál og fjöltyngi þeirra barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Gert verði átak í starfsþróun kennara á öllum skólastigum svo að þeir séu betur búnir undir að takast á við kennslu í fjölmenningsamfélagi. Gæði og framboð íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur verði aukið þannig að íslenska nýtist fólki til virkrar þátttöku í samfélaginu. Allar aðgerðir menntastoðar framkvæmdaáætlunarinnar miði með einum eða öðrum hætti að því að nýta menntun og mannauð innflytjenda, þeim sjálfum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Innflytjendum verði gert auðveldara að fá menntun sína metna svo að þeir geti stundað atvinnu þar sem þekking þeirra og hæfileikar nýtast sem best.“

Lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti fyrir þróun samfélagsins:

- a. Fjölmenningarlegt lærdómssamfélag.
- b. Starfsþróun kennara.
- c. Aukin samfella náms.
- d. Íslenska sem annað mál.“

Kvasir bendir á mikilvægi þess að „átak í starfsþróun kennara á öllum skólastigum“ þurfi einnig að ná til kennara í íslenskukennslu fyrir útlendinga hjá símenntunarmiðstöðvunum enda þótt framhaldsfræðsla sé ekki skilgreint skólastig á Íslandi. Taka ber tillit til þess að hjá símenntunarmiðstöðvunum eru kennarar ekki í föstu starfi. Þeir eru verktakar sem kenna mismikið hverju sinni. Starfsþróun þarf að taka mið af því sem og því að nemendur eru fullorðnir innflytjendur. Þar sem meirihluti kennara í símenntunarmiðstöðvunum eru verktakar er oft erfitt um vik fyrir fræðslustofnanir að ganga að starfskröftum þeirra sem vísun eða gera kröfur um endurmenntun. Símenntunarstöðvarnar hafa ekki tök á að sinna slíkri starfsþróun án stuðnings hins opinbera. Vert er að taka fram að á Norðurlöndunum geta kennarar sérhæft sig í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda og eru jafnvel fastráðnir sem slíkir hjá skólum.

Það er mikil þörf á að koma á kerfi hér á landi sem eflir starfsþróun þeirra sem kenna á íslenskunámskeiðum, ekki síst til að auka fagmennsku og gæði, fá tækifæri til að auka notkun tækni í kennslu og þróa áfram nýjar og áhrifaríkar kennsluáðferðir. Samsetning nemendahópa hefur breyst og og einstaklingum fjölgar sem hafa litla sem enga menntun og eru illa staddir í lestri eða ólæsir á latneskt letur. Slíkur nemendahópur þarf sérstaka nálgun og sérhæfðara nám og til að sinna því vel þurfa kennarar menntun og þjálfun.

Kvasir bendir á nauðsyn þess að auka framlög til íslenskukennslu útlendinga sem sætti miklum niðurskurði árið 2010 og hefur ekki verið bætt að fullu síðan. Áréttað er að íslenskunám fullorðinna innflytjenda þarf að vera við hæfi og taka mið af bakgrunni fólks og ólíkum þörfum. Gera þarf fólki mögulegt að stunda nám, hvort sem það er heimavinnandi með börn, í atvinnuleit, í endurhæfingu eða í starfi. Námið þarf að uppfylla gæðakröfur, vera markvisst og aðlaðandi. Til þess þarf tryggt fjármagn, sveigjanleika, gott skipulag og góða kennslu.

Einnig þarf að skoða kostnaðarþátttöku einstaklinga. Þar erum við langt á eftir öðrum norrænum þjóðum þar sem einstaklingar eiga kost á ókeypis tungumálanámi með það að leiðarljósi að varða þeim leið inn í samfélagið. Vissulega koma starfsmenntasjóðir að þessu en gera má þetta enn einfaldara og meira hvetjandi. Ávinningurinn er mikill.

Kvasir bendir á að fjárskortur frá hinu opinbera hindri eðlilega samfellu í náminu (fjármagn uppurið á haustin og framboð námskeiða eftir því). Þá eru fjárframlög frá hinu opinbera til íslenskunámskeiða aðeins til eins árs í senn og er það ákveðin hindrun fyrir þróun málaflokksins. Einnig þurfa einstaklingar að greiða 40-50 þúsund kr. fyrir hvert námskeið sem er 40 klukkustundir hvert (stigin eru sex talsins) og því fáir sem ná mikilvægri samfellu í náminu. Þróa þarf námskeiðin en það er erfitt innan þess ramma sem símenntunarmiðstöðvarnar búa við (12 ára gömul námskrá, skortur á rafrænu kennsluefni, fjárframlög til aðeins eins árs í senn o.s.frv.).

Nauðsynlegt er að kveða á um námskrá og rétt innflytjenda til íslenskukennslu í lögum til þess að gera hóp innflytjenda sýnilegan í menntakerfinu og tryggja rétt þeirra til íslenskukennslu. Námskrár í íslensku fyrir útlendinga eru frá 2008 og 2010. Þörf er á endurskoðun þeirra og jafnframt að huga að lagalegri stöðu þeirra. Íslenskukennsla útlendinga er hluti af vernd íslenskrar tungu og því mjög mikilvægt að stjórnvöld sýni metnað sinn í að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Námsefni fyrir málaflokkinn þarfnast endurskoðunar og skoða mætti aukna fjölbreytni í framboði námsefnis, sérstaklega með tilliti til fjölbreyttari kennsluhátta og stafrænnar miðlunar. Sérstaklega þarf að huga að efni sem nýtist nemendahópum sem þurfa sérhæfð úrræði og lengra nám til að ná grunntökum í íslensku. Auk þess að skapa fjölbreytt tækifæri til íslenskunáms og tryggja stuðning við þarfir nemenda þurfa að vera námskeið í boði við hæfi ólíkra nemendahópa. Samsetning innflytjenda hefur breyst afar mikið á undanförunum árum og fleira fólk þarf sérhæfðara íslenskunám í minni hópum

og lengri tíma til að ná tökum á náminu. Fjárframlög til málaflokksins þurfa að taka mið af þessari staðreynd.

Kvasir telur æskilegt að áhersla verði lögð á að skilgreina hæfni fyrir íslenskunám innflytjenda með sérstökum hæfniramma þess efnis. Með því má auka samræmi hjá fræðsluaðilum í framboði námskeiða og mat á árangri. Afar mikilvægt er í tengslum við endurskoðun námskrár í íslenskukennslu að tengja námskeiðin við hæfniþrep samkvæmt evrópska tungumálarammanum, með það að leiðarljósi að hæfniþrepum/stigum íslenskukennslu verði fjölgað svo að þátttakendur eigi þess betur kost að ná þeirri hæfni sem leitað er eftir. Á Norðurlöndunum eru víða 12-14 hæfnistig. Í því samhengi er vísað í þá vinnu sem símenntunarmiðstöðvarnar hafa unnið í tengslum m.a. við rafrænt hæfnimat. Þá er einnig þörf á sérstökum sjóði þar sem fræðsluaðilar geta leitað eftir fjárstyrkjum, til að þróa efni, aðferðir og nám fyrir fullorðna innflytjendur sem búa á Íslandi.

Kvasir bendir á að mikilvægt sé að íslenskukennsla fyrir innflytjendur sé samfléttuð samfélags- og/eða áttahagafræði íslensks samfélags og útbúa þurfi náms- og kennsluefni sem mætir því. Gera þarf íslenskukennsluna aðgengilegri og samfélagsmiðaðri. Innflytjendur þurfa strax að hafa aðgang að fjölbreyttum leiðum til tungumálanáms sem nýtist þeim í daglegu lífi. Endurskoðun á námskrá um íslenskukennslu fyrir útlendinga þarf að taka mið að því.

Kvasir bendir á að tryggja þurfi þátttöku vinnumarkaðarins við að efla íslenskukunnáttu innflytjenda. Í tengslum við íslensku sem annað mál fyrir fullorðna innflytjendur þarf að þróa fleiri tækifæri til hagnýts starfstengds náms þar sem fléttuð er saman námi í íslensku og starfstengdu námi, jafnvel með tækifæri á starfsþjálfun í framhaldi þar sem áfram væri unnið að því að þjálfra íslensku á vinnustaðnum sem hluta af náminu. Fyrir nemendur af erlendum uppruna á framhaldsskólastigi þarf að huga að tengingu íslenskunáms og starfsnáms á sama tíma auk aukinnar námsaðstoðar til að koma í veg fyrir brottfall.

Viðmið um gæði fræðslu þurfa að vera skýr og fræðsluaðilar að uppfylla gæðakröfur um fræðslu, sbr. önnur skólastig. Meðal annars þarf að horfa til þátta eins og stjórnunar, aðstöðu, mannauðs, upplýsingagjafar, námsframboðs og kennslu, námsmats, líðanar nemenda og starfsfólks, varðveislu gagna, sjálfsmats, meðferðar kvartana og lykilárangurs. Þá þykir nauðsynlegt að fræðsluaðilar skrái helstu upplýsingar um námsstöðu og námsárangur í samræmdan gagnagrunn til að auðvelda úrvinnslu, tölfraði og mat á námi milli skóla. Einnig þurfa nemendur að geta nálgast námsferil sinn í gegnum island.is.

3.1. grein. Mat á fyrri þekkingu

Kvasir bendir á að símenntunarmiðstöðvarnar um allt land bjóði upp á raunfærnimat, í samstarfi við Fræðslusjóð sem kostar matið, sem m.a. tekur á mati á fyrri þekkingu, reynslu og menntun. Því sé nærtækt að símenntunarmiðstöðvarnar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins séu skilgreindir samstarfsaðilar hvað framangreint varðar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur það faglega hlutverk að halda utan um aðferðafræði raunfærnimats og vinna að þróun og framgangi þess í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar um allt land. Til eru fleiri en 30 verkefni í raunfærnimati.

Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum, búsetu erlendis og fjölskyldulífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Það gerir færni og þekkingu sýnilega með því að meta hana á mótí formlegu námi eða kröfum atvinnulífsins.

Margir innflytjendur starfa ekki við það sem þeir hafa menntað sig til. Einungis brot af þeim sem starfa hér á landi hefur sótt um viðurkenningu á menntun sinni. Nauðsynlegt er að auka upplýsingagjöf um

möguleika á viðurkenningu menntunar. Æskilegt er að innflytjendur geti leitað til sérstakra þjónustumiðstöðva sem liðsinna þeim við úrlausn ýmissa mála þar sem reynir á tungumálakunnáttu í samskiptum við stjórnvöld, til dæmis ef þeir vilja sækja um viðurkenningu á menntun sinni frá heimalandinu. Þar væru símenntunarmiðstöðvarnar heppilegur valkostur.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um rétt innflytjenda til raunfærnimats í þeim tilgangi að gera menntun þeirra sýnilega. Í raunfærnimati reynir á tungumálakunnáttu og það hefur takmarkað möguleika innflytjenda á að nýta sér þessa þjónustu. Því þurfa stjórnvöld að leita leiða til þess að gera raunfærnimat að vænlegum kosti fyrir fólk sem talar önnur tungumál en íslensku, t.d. með öflugri túlkabjónustu eða með því að tengja íslenskukennslu því sérsviði sem fólkið hefur aflað sér menntunar til. Þörf er á að bjóða upp á nám samfélagstúlka til þess að byggja upp þann mannauð sem getur komið að liði hér. Eins og áður sagði hefur Mímir, í samstarfi við hagsmunaaðila, og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hæfnigreint starf samfélagstúlka og gefið út námskrá þeirra í samræmi við niðurstöður greiningarinnar sem Menntamálastofnun hefur vottað. Einnig þarf að tryggja að menntunarstig innflytjenda skerði ekki möguleika þeirra til þátttöku í raunfærnimati.

3.2. grein. Mat á menntun

Sjá 3.1.

3.4. grein. Íslenskunám fullorðinna innflytjenda og umsækjenda um alþjóðlega vernd

Kvasir fagnar tillögu um að gerð verði þrepaskipt hæfnilýsing í íslensku fyrir útlendinga á grundvelli evrópska tungumálarammans. Þar sem símenntunarmiðstöðvarnar sjá um framkvæmd íslenskukennslu fyrir útlendinga er mikilvægt að þær séu skilgreindir samstarfsaðilar hvað framangreinda vinnu varðar.

3.6. grein. Raunfærnimat fyrir innflytjendur

Kvasir tekur undir markmið tillögunnar um að innflytjendur með starfsreynslu og hæfni frá heimalandinu eigi kost á raunfærnimati á eigin tungumáli og stuðningsúrræði til þess að fá lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Samtökin fagna því að framkvæmdarþáttur tillögunnar snúi að því að hvetja „Fræðslusjóð og aðila sem meta hæfni til náms til að bjóða tungumálastuðning eða túlkabjónustu við raunfærnimat“. Þá bendir Kvasir aftur á að allar símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis sjái um framkvæmd raunfærnimats. Til að hægt verði að bjóða innflytjendum tungumálastuðning eða túlkabjónustu við raunfærnimat þarf að veita aukið fjármagn til Fræðslusjóðs enda er kostnaðarsamt að fá aðstoð túlka við sérhvert mat á raunfærni. Hafa ber í huga að mat á raunfærni er einstaklingsmiðað og fer fram maður á mann.

Kvasir bendir á að mikilvægt sé að símenntunarmiðstöðvarnar séu skilgreindir samstarfsaðilar vegna framangreinds. Þá telur Kvasir að sú kostnaðaráætlun sem birt er í tillögunni sé óraunhæf ef ekki sé gert ráð fyrir auknu fjármagni til Fræðslusjóðs vegna túlkabjónustu. Einnig bendir Kvasir á að raunfærnimat sé hluti af framhaldsfræðslu sem tilheyrir nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Hins vegar er mennta- og barnamálaráðuneytið tilgreindur ábyrgðaraðili, sjá 3.6.3 og 3.4.7.

3.7. grein. Rafrænt hæfnimiðað stöðumat í íslensku og stuðningsefni

Kvasir tekur undir markmið tillögunnar um að þróað verði rafrænt hæfnimiðað stöðumat í íslensku sem annað mál út frá evrópska tungumálarammanum og rafrænt stuðningsefni. Nokkrar símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis hafa nú þegar unnið þróunarverkefni hvað framangreint varðar. Slíkt stöðumat sem hér er tilgreint getur verið mikilvægur þáttur í að byggja upp nýja námskrá í

Íslenskukennslu og tengja námskeiðin við evrópska tungumálarammann sem og að hún geti verið mikilvæg til að bæta kennsluhætti sem tengjast þá við rammann. Fræðslusjóður hefur styrkt þróunarverkefni sem snúa að gerð stöðumat í íslensku og er mikilvægt að nýta vel vinnu og fjármuni. Stöðumat í íslensku hefur m.a. verið unnið með bestu mögulegum norrænum tungumálaskólum og er aðgengilegt notendum á Íslandi, sjá <https://www.simey.is/is/moya/page/icelandic-test>. Kvasir bendir á að mikilvægt sé að símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis séu skilgreindir samstarfsaðilar hér enda liggur dýrmæt reynsla og þekking hjá símenntunarmiðstöðvum um slíkt stöðumat í íslensku sem annað mál.

Niðurlag

Kvasir bindur miklar vonir við fyrirhugaða framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og stefnumörkun í málaflokknum. Það er von Kvasis að símenntunarmiðstöðvar fái víðtækara hlutverk við að mæta ákalli um aukinn stuðning til handa innflytjendum á Íslandi.

Það felast fjölmörg tækifæri í því kerfi sem símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis mynda. Kerfið hefur nýst vel og er notkun þess mikil. Brýnt er að nýta það betur og í fleiri áttir enda mikil samfélagsleg auðlind sem ákveðin sátt ríkir um. Það er því fagnaðarefni að ríkisstjórnin horfi til þessa í stjórnarsáttmála sínum.

Virðingarfyllst,

f.h. Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva,



Sólveig Hildur Björnsdóttir
formaður
solveig@mimir.is

Í Kvasi, samtökum fræðslu og símenntunarmiðstöðva, eru: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Framvegis miðstöð símenntunar, Mímir-símenntun, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – símenntun á Norðurlandi vestra, SÍMEY-Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Víska fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi.